

21.4.2017

Ágætu fulltrúar fjárlaganefndar,

Vísað er í frumvarp til laga um fjármálaáætlun til næstu 5 ára.

Umsögnina sendir Magnús Sigmundsson framkvæmdarstjóri Hestasports – Ævintýraferða ehf þann
21.04. 2017

Eftir margra áratuga frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu á Norðurlandi mótmælum við harðlega fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts í 24 % á ferðaþjónustu.

Sterkar vísbendingar eru um að frekari hækkun á verðum á vörum og þjónustu til ferðamanna styttri dvöl þeirra á Íslandi og draga enn frekar úr áhuga og fjárhagslegri getu þeirra til ferðalaga utan suðvesturhorn landsins. Þannig mun þessi ráðstöfun eyðileggja lang bestu möguleika landsbyggðarinnar til að þróast og eflast á sínum forsendum.

Greinargerð:

Engin atvinnugrein getur þrífist og dafnað eðlilega í jafn stjórnlausu og óstöðugu efnahags- og rekstrarumhverfi og Íslensk stjórnvöld hafa boðið uppá ártugum saman.

Í upphafi árs 1998 styrktist krónan skyndilega um tugi prósentu á örfáum mánuðum. Sú gengissveifla setti fjölda einstaklinga og fyrirtækja í ferðaþjónustu í gjaldþrot.

Það tók mörg ár að jafna sig eftir þá „æfingar“ stjórnvalda með fljótandi gengi krónunnar.

Hraður vöxtur greinarinnar eftir 2010 gjörbreytti rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar á suður og suðvesturlandi og í kjölfarið batnaði nýtingin á landsvísu þannig að árin 2012 til 2015 sá loks til sólar í rekstri fyrirtækisins, eftir þrotlausu vinnu áratugum saman.

Árið 2016 styrktist krónan aftur um tugi prósentu og þá bættu stjórnvöld um betur og settu 11% virðisaukaskatt á greinina. Þessi þróun laskaði stórlega rekstur félagsins á síðasta ári og hefur greinilega neikvæð áhrif á ýmsa þætti starfseminnar nú þegar á þessu ári.

Með vinsemd án virðingar,
Magnús Sigmundsson